

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 2010 í máli nr. S-398/2010:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir settur saksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 20. október síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 10. maí 2010 á hendur „X, kennitala 000000-0000,“ firði, fyrir kynferðisbrot með því að hafa í tvö skipti á tímabilinu október til nóvember 2009 greitt fyrir vændi, samtals að fjárhæð kr. 35.000, að ... í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir eru þeir að lögreglan fékk á sínum tíma heimild til að hlera síma, en rökstuddur grunur lék á að notandi hans ræki vændisstarfsemi. Meðal gagna málsins eru allmörg hljóðrituð samtöl ákærða við konur sem fjalla flest um kaup eða leigu á fasteignum. Í einu símtalinu í lok október 2009 spyr kona ákærða hvort hann sé graður og þegar hann játar því spyr hún hvað hann vilji gera í því. Hann segist vilja hittast og segir konan honum þá að hringja í aðstoðarkonu sína og lofar að hann verði ánægður. Hann spyr um verðið og hún segir það sama og síðast. Hann spyr þá hvort ekki sé hægt að gera betur og hún vísar á aðstoðarkonuna. Daginn eftir ræðir ákærði aftur við konu um fasteignaviðskipti en síðan segist

konan hafa verið búin að „redda honum gellu.“ Þau ræða síðan saman á þessum nótum og fram kemur að hann vill stúlku fyrir sig og félagi sinn og spyr um verðið. Skömmu síðar hringir ákærði aftur í konuna og segir að þær verði að vera hvítar. Síðar þennan sama dag voru hljóðrituð tvö samtöl aðstoðarkonu framangreindrar konu við stúlku og segir hún henni að tveir „kúnnar“ séu á leiðinni handa henni og lagskonu hennar. Þetta sé „important people“ og þær verði að líta vel út. Verðið sé 15 þúsund á manninn og það sé „everything“.

Í byrjun nóvember ræðir ákærði aftur við sömu konu og segir að sig og félagi sinn langi í hana og aðstoðarkonuna. Konan segir honum að koma í tiltekið hús. Skömmu síðar hringir hann aftur og spyr hvort það sé sami staður og síðast og hvort verðið sé það sama og venjulega. Aftur er hringt og sagt að þeir standi fyrir utan og konan segist munu opna.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu bar ákærði að hann hefði fengið erótískt nudd í nefndu húsi en neitaði að hafa keypt sér vændi. Hann kvað sig og félagi sinn hafa reynt að hafa milligöngu um fasteignaviðskipti fyrir konu sem starfaði í húsinu og hafi þeir átt að fá vændi á betri kjörum fyrir bragðið en ekkert hafi orðið úr því að þeir nýttu sér það tilboð. Hann lýsti nuddinu, sem hann fékk, þannig að hann hefði verið nakinn og stúlka, sem var á nærbuxum einum fata, hafi nuddað hann með öllum líkamanum þar til hann fékk sáðlát. Fyrir þetta hafi hann greitt 15 þúsund krónur. Ákærði var aftur yfirheyrður af lögreglu og viðurkenndi þá að hafa keypt vændi af tiltekinni stúlku í nefndu húsi á tímabili því sem í ákæru greinir. Um hafi verið að ræða samfarir og munnmök og hafi hann greitt 20 þúsund fyrir þjónustuna.

Stúlka, sem vann sem vændiskona í nefndu húsi, kannaðist við ákærða og bar hjá lögreglu að hafa haft við hann samfarir og veitt honum munnmök gegn 20 þúsund króna greiðslu.

III

Við aðalmeðferð kannaðist ákærði við að hafa farið í nefnt hús þrisvar sinnum í október og nóvember 2009 og félagi hans hafi verið með honum. Þeir hafi verið að kynna húsráðanda eignir eins og hún hafði óskað eftir, en hún hafi verið að leita eftir húsnæði undir skemmtistað. Þeir hafi hitt húsráðanda og vitað af öðru fólki í húsinu en ekki haft samskipti við það. Framangreindar upptökur af símtölum voru bornar undir ákærða og kannaðist hann við að hann væri þar að tala við konur. Ákærði bar að í þessum samtölum hafi konurnar verið að ota að honum vændisþjónustu og freista hans til að kaupa hana. Viðbrögð hans hafi aðallega verið af forvitni til að vita hversu langt hann gæti gengið í þessu. Hann kvað þessar tvær konur hafa verið í sambandi við sig vegna væntanlegra fasteignakaupa. Ákærði kvaðst aldrei hafa þegið vændisþjónustuna, hann hafi ekki þorað að ganga svo langt.

Framburður ákærða hjá lögreglu var borinn undir hann og kvað hann þann framburð ekki varða atburði sem gerðust í framangreindu húsi. Þá hafi hann verið í uppnámi þegar hann ræddi við lögregluna og verið að tala um allt annað húsnæði og aðrar konur. Framburður hans hjá lögreglunni væri því ekki réttur. Nánar

spurður um framburð sinn kvaðst hann hafa ráðfært sig við lögmann sem hafi ráðlagt honum að játa eitt brot og yrði málinu þá lokið með sekt og þess vegna hafi hann borið á þann hátt sem hann gerði í þeirri góðu trú að með því yrði málinu lokið. Borinn var undir ákærða framburður stúlku, sem vann sem vændiskona í húsinu, og kvað ákærði hann rangan.

Framangreind stúlka bar að hafa unnið sem vændiskona í nefndu húsi í október og nóvember 2009 og einnig aðstoðað konuna sem rak vændisstarfsemina. Auk sín hafi þrjár aðrar konur unnið þarna sem vændiskonur á þessum tíma. Þarna í húsinu hafi bara verið rekin vændisstarfsemi, það er boðið var upp á samfarir og munnmök. Verðið var 15 þúsund krónur fyrir munnmök en 20 þúsund fyrir samfarir og voru þá munnmök innifalin. Þessi starfsemi var auglýst sem nudd en viðskiptavinirnir vissu fullvel að um vændi væri að ræða og nudd hefði ekki verið í boði.

Stúlkan kvaðst kannast við ákærða og kunningja hans og starfsféлага og muna vel eftir þeim þar sem þeir hafi fengið sérstakan afslátt í boði konunnar sem rak húsið. Þeir hafi ávallt komið tveir saman og keypt sér vændi. En einnig voru þeir að leita að húsnæði fyrir konuna sem rak húsið. Stúlkan kvaðst einu sinni hafa verið með ákærða og lagskonur hennar hefðu verið með ákærða og féлага hans. Hún bar að í annað skipti hefði staðið til að hún þjónustaði hann, en ekkert varð úr því vegna ágreinings um greiðslu. Stúlkan kvaðst ekki hafa viljað samþykkja að hann fengi afslátt sem konan hafði lofað og bent honum á að láta hana þjónusta sig fyrir afsláttarverðið. Stúlkan bar og að hún vissi til að önnur stúlka hefði þjónustað ákærða einu sinni.

IV

Við yfirheyrslu hjá lögreglu játaði ákærði að hafa keypt sér erótískt nudd og einnig samfarir og munnmök eins og rakið var, en hann var tvívegis yfirheyrður af lögreglu. Fyrir dómi neitaði hann sök og gaf framangreindar skýringar á framburði sínum hjá lögreglu. Framburður ákærða hjá lögreglu var tekinn upp á mynddisk og var formlega rétt staðið að yfirheyrslunni. Þá var lögmaður ákærða viðstaddur seinni skýrslutökuna, en það er annar lögmaður en verjandi hans. Framburður ákærða hjá lögreglu fær stuðning í framburði vændiskonunnar sem bar að hafa þjónustað hann og vita til þess að lagskonur hennar í húsinu hefðu og gert það. Framburður hennar styðst við það sem fram er komið í gögnum málsins og dómum, sem fallið hafa, um starfsemina í húsinu sem í ákæru greinir. Þegar allt þetta er virt er það niðurstaða dómsins að komin sé fram lögfull sönnun, þrátt fyrir neitun ákærða, um að hann hafi keypt sér vændi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir. Erótíska nuddið, sem ákærði nefndi svo, fólst í því að veita honum kynferðislega

þjónustu gegn gjaldi og er því vændi.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í ákærinni og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæðis. Ákærði hefur tvívegis verið sektaður fyrir umferðarlagabrot. Refsing hans nú verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfilega ákveðin 120.000 krónur í sekt með vararefsingu eins og greinir í dómsorði. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða laun verjanda síns eins og greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, greiði 120.000 krónur í sekt og komi 10 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., 150.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arngrímur Ísberg.